

Atvinnuveganefnd Alþingis

Málefnasvið: Orkumál

Mál nr. 348



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Íceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Svartsengi, 15. nóvember 2023

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi)

Vísað er til frumvarps á 154. löggjafarþingi, mál nr. 348 – þingskjal nr. 355 þar sem lagðar eru fram um breytingar á raforkulögum nr. 65/2003. HS Orka þakkar fyrir umsagnarnbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis.

HS Orka fagnar markmiðum lagabreytinga þess efnis að tryggja framboð á raforku með tilliti til raforkuöryggis almennings.

Athugasemdir

- HS Orka telur að skilgreina þurfi betur hvað átt er við með „Langtímaframboð orkukosta“. Ef átt er við orkukosti í nýtingarflokki samþykkrar rammaáætlunar þá bendir félagið á að nýir orkukostir eru eingöngu gagnlegir ef af þeim verður og í því tilliti er ekki nægjanlegt að virkjanakostur sé í nýtingarflokki í Rammaáætlun. Til að virkjun verði að veruleika þarf talsvert meira að koma til, þ.m.t. fjármögnun, orkuvíðskiptasamningar, tilskilin leyfi o.fl.
- Eins bendir HS Orka á það að heildsölumarkmaður raforku er hvergi skilgreindur í lögnum.
- HS Orka vísar jafnframt í fyrri athugasemdir í umsögn sinni frá 14. mars sl.

Félagið er reiðbúið til að gera nánari grein fyrir umsögn sinni og mæta til fundar telji atvinnuveganefnd þörf á slíku.

Virðingarfyllst,
f.h. HS Orku hf.

Arna Björg Rúnarsdóttir,
lögfræðingur